



Öryrkjabandalag Íslands

Hátúni 10, 105 Reykjavík
Sími: 552 6700, Fax: 562 2516

Alþingi
Erindi nr. þ 122/154V
komudagur 26.3.198

Félagsmálanefnd Alþingis,
b/t formanns Kristínar Ástgeirsdóttur,
Alþingi.

Reykjavík, 25. mars 1998

Öryrkjabandalagi Íslands hefur borist til umsagnar frumvarp til húsnæðismál og þakkar fyrir að fá að tjá sig um þetta mikilsverða mál.

Ljóst er að hér er um gerbreytingu húsnæðiskerfisins að ræða og mörgum spurningum ósvarað um framkvæmd þess eftir lagabreytingu. Öryrkjabandalag Íslands telur því að alltof skammur tími gefist til vandlegrar athugunar allra þátta þessara mála sem varða almenning í landinu svo miklu ekki síst það fólk sem Öryrkjabandalagið er fulltrúi fyrir. Bandalagið telur því réttast að frumvarpið verði ekki afgreitt fyrr en á næsta þingi svo allir sem hagsmuna eiga að gæta komi eðlilega að málsmeðferðinni.

Öryrkjabandalag Íslands gengur út frá þeirri staðreynd að skjólstaðingar þess eru upp til hópa láglaunafólk allt yfir í tekjulægsta fólkið í landinu.

Húsnæðisfrumvarp þetta sýnist ekki koma til móts við þetta fólk þar sem ekki er unnt að sjá annað en enn fleirum sé vísað á leigumarkað. Ekki er séð að með frumvarpinu sé þessum auknu þörfum fyrir leiguhúsnæði mætt þar sem ekki er gert ráð fyrir nema 50 lánnum til leiguíbúða á næstu tveimur árum. Á móti munu menn segja að viðbótarlán hins nýja kerfis komi í stað félagslegra íbúðarlána í dag. Þá ber þess að geta að enn strangari tekjuskilyrði eru fyrir húsbrefalánnum en lánnum úr félagslega kerfinu. Það þýðir að fleiri verða útilokaðir frá eignaríbúðakerfinu, sem eðlilega bitnar harðar á þeim tekjulægstu svo sem öryrkjum.

Ekki verður af frumvarpinu ráðið hversu þörfum þessa fólks verður mætt þar sem beinlínis er aflétt ákveðnum skyldum sem sveitarfélögin hafa í dag.

Öryrkjabandalag Íslands leggur höfuðáherslu á að gætt sé í hvívetna hagsmuna hinna tekjulægstu í húsnæðiskerfinu.

Með tilliti til óska okkar um að málinu verði frestað í ljósi framangreindra áherslna þá sjáum við ekki ástæðu til að gera nema örfáar viðbótarathugasemdir:

Samkvæmt frumvarpinu falla framkvæmdalán niður. Félög fatlaðra hafa nýtt þennan möguleika sem hefur gert þeim kleift að ráðast í íbúðabyggingar fyrir sitt fólk.


Varðandi verkefni húsnæðisnefndar 14. gr. tl.5 þar sem stendur: "að aðstoða aldraða og samtök þeirra við öflun húsnæðis o.s.frv." teljum við sjálfsagt að fatlaðir og samtök þeirra komi inn í þessa grein.

Hússjóður Öryrkjabandalagsins hefur á undanförunum árum fengið lán í félagslega íbúðakerfinu sem hefur auðveldað kaup á fleiri leiguíbúðum fyrir öryrkja. Þrátt fyrir að Hússjóðurinn eigi á sjötta hundrað íbúða þá er biðlisti öryrkja eftir húsnæði hjá sjóðnum á þriðja hundrað manns. Samkvæmt frumvarpinu er þessi möguleiki Hússjóðs Öryrkjabandalagsins til lánaþyrirgreiðslu því sem næst úr sögunni.

Ítreka skal í lokin beiðni Öryrkjabandalagsins um frestun málsins.

Virðingarfyllst,
f. h. Öryrkjabandalags Íslands


Helgi Seljan
félagsmálafulltrúi


Asgerður Ingimarsdóttir
framkvæmdastjóri